



ORKUSTOFNUN

**Varðandi fjárlagatillögu um sérverkefnið Gas
í Öxarfirði**

**Magnús Ólafsson,
Hrefna Kristmannsdóttir**

Greinargerð MÓ-HK-90-05

Varðandi fjárlagatillögu um sérverkið GAS Í ÖXARFIRÐI

Inngangur

Í Öxarfirði kemur upp jarðgas í tveimur borholum við Skógalón. Holurnar voru boraðar til könnunar á jarðhita á þessum slóðum. Efnagreining gass úr holum leiddi í ljós að hluti gassins er af lífrænum toga og vakti það að vonum talsverða athygli, þar sem fundur þess er einstæður hér á landi.

Síðastliðið vor sótti Orkustofnun um sérstaka fjárveitingu til Alþingis til að standa straum að kostnaði við frekari rannsókn á gasi þessu. Í fjárlagafrumvarpi því sem lagt hefur verið fyrir Alþingi kemur í ljós að 3200 þ.kr. er ætlaðar í verk þetta, og er það í engu samræmi við rannsóknaráætlun sem unnið skyldi eftir.

Rannsóknaráætlun

Rannsóknaráætlunin náði í raun einungis til ársins 1991, en framhald skyldi ráðast af niðurstöðum rannsókna þess árs. Á árinu 1990 var áætlað að vinna að lítilsháttar forathugun fyrir þegar veitta fjárveitingu til Orkustofnunar. Rannsóknir ársins 1991 voru hins vegar áætlaðar það fjárfrekar að þær gætu ekki fallið undir almenna fjárveitingu til Orkustofnunar, og var þeim skipt í eftirtalda tvo liði, sem teknir eru orðrétt upp úr greinargerð Orkustofnunar (MÓ-GÓF-ÓGF-SÞ-AB-90/01):

1. Gerð verði ítarleg rannsókn á efnasamsetningu gassins í borholunum og kannað hvar gasið kemur inn í holu Æ-3 með töku djúpsýna. Markmiðið er að fá upplýsingar um aldur lífræna efnisins sem gasið kemur úr og þroskastig þess. Einnig verða svarfsýni send til nákvæmrar greiningar erlendis. Kostnaður við þennan lið er áætlaður 1500 þ.kr.
2. Hla Æ-3 verði dýpkuð með kjarnabor. Holan er nú 322 m djúp og er gert ráð fyrir að hún verði dýpkuð í 700 m. Kjarninn úr holunni myndi gera það kleyft að rannsaka nánar innri gerð setlaganna og lífrænar leifar í þeim í ljósi mældra gagna um hita og þrýsting í setlagabunkanum. Auk þessa verða tekin frekari sýni af gasi til efnagreiningar. Kostnaður við þennan þátt er áætlaður 7000 þ.kr.

Áætlun um heildarkostnað rannsókna ársins 1991 hljóðaði því upp á 8500 þ.kr., þar af var áætlaður aðkeyptur borkostnaður við dýpkun holunnar 6000 þ.kr., annað aðkeypt 500 þ.kr. og framlag Orkustofnunar, vinna og tæki, 2000 þ.kr.

Fjárlagafrumvarp ársins 1991 gerir ráð fyrir að Orkustofnun fái 3200 þ.kr. sérfjárveitingu til þessa verks sem er ekki í nokkru samræmi við rannsóknaráætlunina. Eins og fram kemur í áætluninni er hún í tveimur mjög misdýrum áföngum, 1500 þ.kr. og 7000 þ.kr. Ókleift er að skipta þeim dýrari. Til að fá kjarnasýni til rannsóknar verður fyrst að ná í kjarnann þ.e. að bora holuna og hún verður ekki boruð fyrir þær 3200 þ.kr. sem áætlaðar eru til verksins í fjárlagafrumvarpinu. Því verður annað hvort að fást aukafjárveiting til verksins eða að fresta því enn um eitt ár.